

**Innanríkisráðuneytið**

**Minnisblað**

Viðtakandi: Utanríkismálanefnd Alþingis  
Sendandi: Björn Freyr Björnsson; Sigurbergur Björnsson  
Dagsetning: 02.11.2012  
Málsnúmer: IRR11110329  
Bréfalykill: 2.13.22

Efni: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/83/ESB frá 25. október 2011 um réttindi neytenda, um breytingu á tilskipun ráðsins 93/13/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/44/EB og um niðurfellingu tilskipunar ráðsins 85/577/EBE og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB (neytendatilskipunin).

**Hugtakið seljandi.**

Hugtakið seljandi í neytendatilskipuninni er skilgreint sem:

einstaklingur eða lögaðili, jafnt í eigu hins opinbera sem í einkaeigu, ásamt hverjum þeim sem starfar í nafni seljandans eða fyrir hönd hans, sem starfar að þeim markmiðum sem varða atvinnugrein, fyrirtæki, iðn eða sérgrein hans í tengslum við samninga sem falla undir þessa tilskipun.

Í enskri þýðingu tilskipunarinnar er hugtakið skilgreint svo:

'trader' means any natural person or any legal person irrespective of whether privately or publicly owned, who is acting, including through any other person acting in his name or on his behalf, for purposes relating to his trade, business, craft or profession in relation to contracts covered by this Directive.

Hvergi kemur fram í skilgreiningunni hvort það sé skilyrði að seljandi komi fram í ágóðaskyni. Enn fremur er gert ráð fyrir því að hið opinbera geti talist vera seljandi skv. skilgreiningunni og styður það þann skilningi að ekki sé gerð krafa um ágóða.

Fyrir samþykkt neytendatilskipunarinnar giltu tilskipun 85/577/EBE um að vernda neytendur þegar samningar eru gerðir utan fastra starfstöðva sinna og tilskipun 97/7/EB um neytendavernd að því er varðar fjarsölusamninga. Í skilgreiningum þessara tilskipana á hugtakinu seljandi (birgir í 97/7/EB) var heldur ekki minnst á hvort seljandi þurfi að koma fram í hagnaðarskyni. Við innleiðingu þessara tilskipana í aðildarríkjum Evrópusambandsins var mismunandi hvort tekið væri sérstaklega á því hvort góðgerðarsamtök féllu undir gildissvið þeirra.

Við endurskoðun tilskipana 85/577/EB og 97/7/EBE var gefin út skýrsla af hálfu framkvæmdastjórnarinnar sem tók til nánari athugunar innleiðingu þeirra í rétt aðildarríkjanna (*EC Consumer Law Compendium. Comparative Analysis 2008*). Mismunandi innleiðing á hugtakinu "seljandi" var tekin til sérstakrar skoðunar. Meðal tillagna sem lagðar voru til í skýrslunni, til að leysa úr mismunandi innleiðingu, var að sett yrði fram samræmd skilgreining á hugtakinu "seljandi". Í þeirri skilgreiningu þyrfti að ákveða hvort samningur skuli *gerður í tengslum við atvinnugrein viðkomandi* eða *gerður vegna markmiða sem varða atvinnugrein viðkomandi*. Eins og hugtakið seljandi er skilgreint í neytendatilskipuninni verður að ætla að seinni kosturinn hafi verið valinn, þ.e. að seljandi þarf, með viðkomandi samningi, að starfa að þeim markmiðum sem varða atvinnugrein, fyrirtæki, iðn eða sérgrein hans.

Góðgerðarsamtök eða íþróttafélög, sem hafa annað markmið en sölu varnings til neytanda, verður að teljast falla utan skilgreiningu tilskipunarinnar. Hins vegar er ekki lokað fyrir það skotið að slík félög falli undir hana, ef um skipulagða sölu félaganna á varningi er að ræða, sem tekur yfir það langt tímabil, eða á sér stað það reglubundið, eða verðmæti varningsins sé það mikið, að slík sala verði að teljast til markmiða þeirra.

Endanlega niðurstöðu um hvort góðgerðarsamtök, íþróttafélög eða önnur slík samtök falla undir skilgreiningu neytendatilskipunarinnar, er þó í höndum Evrópudómstólsins.

***Samtök, aðilar og atvinnugreinar sem mál þetta gæti tengst.***

Þeir aðilar sem munu koma til með að falla undir ákvæði neytendatilskipunarinnar eru fyrst og fremst þeir aðilar sem starfa við fjarsölu og/eða húsgöngusölu.

Fjarsölusamningur er skilgreindur, sbr. 7. tölul. 2. gr. neytendatilskipunarinnar, sem samningur á milli seljanda og neytanda, sem er gerður um skipulagt kerfi fyrir fjarsölu eða þjónustuveitingu án þess að seljandinn og neytandinn séu viðstaddir samtímis í eigin persónu, þar sem eingöngu einn eða fleiri fjarsamskiptamiðlar eru notaðir allt fram að og á þeim tíma sem gengið er frá samningnum. Fjarsölusamningur má gera t.d. í gegnum síma, tölvupóst, pöntunarlista eða vefsíður. Þeir samningar sem falla utan þessara skilgreiningar eru taldir upp í a-m lið 3. mgr. 3. gr. neytendatilskipunarinnar.

Húsgöngusamningur er skilgreindur, sbr. 8. tölul. 2. gr. neytendatilskipunarinnar, sem samningur milli seljanda og neytanda sem er gerður þegar bæði seljandinn og neytandinn eru viðstaddir samtímis í eigin persónu, á stað sem er ekki föst starfstöð seljandans og samningur sem gerður er á fastri starfsstöð seljandans eða um hvers konar fjarsamskiptamiðil strax eftir að haft var persónulegt og beint samband við neytandann á stað sem er ekki föst starfstöð seljandans, þegar bæði seljandinn og neytandinn eru viðstaddir samtímis í eigin persónu eða er gerður í skemmtiferð, sem seljandi skipuleggur með það fyrir augum að kynna og selja neytandanum vörur eða þjónustu.